

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 991/2012****2013/EES/20/16****frá 25. október 2012****um leyfi fyrir sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (\*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrati. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrati, í aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 26. apríl 2012 <sup>(2)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði hafi sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið

og að notkun þess geti talist áhrifaríkur gjafi sinks fyrir allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

*1. gr.*

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fôður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2672.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Zn) í mg/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
<b>Flokkur viðbættra næringarefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd</b>									
3b609	—	Sinkklóríðhýdroxíð-mónóhýdrat	<p><i>Lýsing á eiginleikum aukefnisins</i></p> <p>Efnaformúla: <math>Zn_5(OH)_8Cl_2 \cdot (H_2O)</math></p> <p>CAS-númer: 12167-79-2</p> <p>Hreinleiki: að lágmarki 84%</p> <p>Sinkoxíð: að hámarki 9%</p> <p>Sinkinnihald: að lágmarki 54%</p> <p>Agnir &lt; 50 µm: undir 1%</p> <p><i>Greiningaraðferð<sup>(1)</sup></i></p> <p>Sanngreining á sinkklóríðhýdroxíði í kristölluðu formi í fõðuraukefninu:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– Röntgengreining (XRD).</li> </ul> <p>Ákvörðun á heildarinnihaldi sinks í aukefninu og forblöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– EN 15510: Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eða</li> <li>– CEN/TS 15621: Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eftir leysingu undir þrýstingi.</li> </ul> <p>Ákvörðun á heildarinnihaldi sinks í fõðurefnum og forblöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>– Frumeindagleypnimæling (AAS) eða</li> <li>– EN 15510 eða CEN/TS 15621.</li> </ul>	Allar dýrategundir	—	—	<p>Gæludýr: 250 (samtals)</p> <p>Fiskur: 200 (samtals)</p> <p>Aðrar tegundir: 150 (samtals)</p> <p>Staðgöngumjólk sem heilfõður eða sem fõðurbætur: 200 (samtals)</p>	<p>1. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.</p> <p>2. Aukefnið skal vera í forblöndu þegar það er notað í fõður.</p>	15. nóvember 2022

<sup>(1)</sup> Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: [http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL\\_feed\\_additives/Pages/index.aspx](http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx)